

# Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

SKILAMAT

Desember 2020

---

# Efnisyfirlit

---

Almennt um skilamat .....	3
1 Undirbúningur .....	4
1.1 Lýsing verkefnis .....	4
1.2 Frumathugun.....	4
1.3 Áætlunargerð .....	5
1.4 Áætlun um stofnkostnað .....	5
1.5 Áætlun um rekstrarkostnað .....	5
1.6 Áætlun um fjármögnun .....	5
2 Verklef framkvæmd.....	6
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar .....	6
2.2 Framvinda.....	6
2.3 Eftirlit og úttektir .....	8
3 Reikningslegt uppgjör .....	9
3.1 Áfallinn kostnaður og innborganir .....	9
3.2 Heildarkostnaður.....	10
3.3 Samanburður við áætlun.....	11
3.4 Einingarkostnaður og stuðlar .....	12
4 Samantekt / niðurstöður.....	14
4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir .....	14
4.2 Árangur framkvæmdarinnar.....	14
4.3 Heimildaskrá .....	14
4.4 Staðfesting skilamats.....	14



Mynd 1: Veröld – Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, séð frá Suðurgötu

---

## Almennt um skilamat

---

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra, og er þetta skilamat unnið eftir þeim reglum.



Mynd 2. Bjart fundarherbergi.

## 1. Undirbúningur

### 1.1 Lýsing verkefnis

Í þessu skilamati verður gerð grein fyrir undirbúningi og verkfræmð við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur sem nú heitir Veröld – hús Vigdísar. Undirbúningur verkefnisins hófst árið 2011 með skipun byggingarnefndar. Í byggingarnefnd sátu Eiríkur Hilmarsson, formaður, Auður Hauksdóttir, Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir, Guðmundur R. Jónsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Ingjaldr Hannibalsson (til október 2014), Pétur Gunnarsson (til sumars 2012), Sigurlaug I. Lövdahl, var starfsmaður nefndarinnar og Valþór Sigurðsson aðstoðaði við eftirlit fyrir hönd Háskóla Íslands. Stefnt var að um 3.000 m<sup>2</sup> byggingu á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu nálægt HÍ í Vesturbæ Reykjavíkur.

Byggingin var vígð á sumardaginn fyrsta þann 20. apríl 2017. Í húsinu er alþjóðleg tungumálamiðstöð og öll kennsla og rannsóknir í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Með tilkomu alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar verður starfsemi stofnunarinnar eflað til mikilla muna.

Verkkaupi var mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir Háskóla Íslands. Tengiliður ráðuneytisins var Þráinn Sigurðsson sérfræðingur. Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR, hafði umsjón með verkefninu fyrir hönd verkkaupa á stigi frumathugunar, áætlunargerðar, þar með talið hönnunarsamkeppni, verklegar framkvæmdar og skilamats. Verkefnastjóri á stigi

frumathugunar og áætlunargerðar var Halldóra Vífilsdóttir þáverandi forstjóri FSR. Guðbjartur Á. Ólafsson var verkefnastjóri á stigi verklegar framkvæmdar og Ívar Már Markússon hjá FSR aðstoðaði við daglegt eftirlit með framkvæmdinni.

### 1.2 Frumathugun

Frumathugun var unnin á vegum Byggingarnefndar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sem skipuð var af háskólaráði 7. apríl 2011 vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur (SVF) í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Í umsögn um frumathugun, sem FSR vann fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið í nóvember 2011, er vísað til frumathugarinnar og fylgigagna. Þar er gerð grein fyrir hlutverki fyrirhugaðrar byggingar sem er að bæta aðstöðu til miðlunar þekkingar á erlendum tungumálum til almennings og barna á öllum aldri í anda þess brautryðjendastarfs sem Vigdís Finnbogadóttir hefur unnið hjá UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Í áður nefndri umsögn um frumathugun kemur fram að í húsinu muni fara fram nýsköpun og rannsóknir, nám og kennsla á öllum námsstigum á þessu sviði. Gert sé ráð fyrir 12 kennslustofum, tungumálamiðstöð, heimasvæði tungumála, fyrirlestrarsal, bóka- og gagnasafni, upplifunar- og fræðslusetri, Vigdísarstofu

sem opin verður almenningi, vinnurými doktorsnema, auk skrifstofa og stoðryma.

Í frumathuguninni voru bornir saman valkostir og lagt til að nýbygging Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur risi á horni Suðurgötu og Brynjólfgötu. Ákveðið var að efna til hönnunarsamkeppni um bygginguna.

### 1.3 Áætlunargerð

#### Samkeppni

Fjármála- og efnahagsráðuneytið heimilaði, með bréfi, dagsettu í nóvember 2011, að hefja mætti áætlunargerð fyrir umrædda framkvæmd. Fyrsta skref áætlunargerðar er hönnunarsamkeppni og var Framkvæmdasýslu ríkisins falin umsjón með undirbúningi og framkvæmd samkeppninnar fyrir hönd Háskóla Íslands. Í desember 2011 var auglýst opin hönnunarsamkeppni um bygginguna. Sérstakir ráðgjafar dómnefndar voru Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og velgjörðarsendiherra tungumála, og Kristín Ingólfsdóttir, þáverandi rektor Háskóla Íslands.

Tillögum var skilað inn í mars 2012 og reyndust þær vera 43 talsins. Niðurstöður hönnunarsamkeppninnar voru kynntar 16. maí 2012. Fyrstu verðlaun hlaut tillaga frá arkitekt.is. Höfundar tillögunnar voru Gunnlaugur Magnússon, Haraldur Örn Jónsson, Hjörtur Hannesson og Kristján Garðarsson.

Í umsögn dómnefndar um verðlaunatillögunna segir meðal annars: „Helstu kostir tillögunnar eru ágæt tengsl við umhverfið og góð innbyrðis tengsl í byggingunni. Innri rými hverfast um opið miðrymi sem tengir allar hæðir hússins og eru góð sjónræn tengsl milli hæða.“ Enn fremur segir: „Útirými sunnan við bygginguna er snjöll og er lækkan lands góð leið til að nýta neðstu hæð hússins og gæða rými þar dagsbirtu.“ „Vel er hugsað fyrir aðkomu þeirra sem eru gangandi og hjólandi og er tillagan ágætis grunnur að vistvænni byggingu.“

#### Hönnun

Í ágúst 2012 var undirritaður samningur við vinningshafa samkeppninnar um hönnun á grundvelli vinningsstillögunnar. Fyrir samningsaðila undirritaði, fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Gísli Þór Magnússon, skrifstofustjóri upplýsinga- og

fjármálasviðs, og fyrir arkitekt.is undirritaði Helga Benediksdóttir, framkvæmdastjóri. Til staðfestingar undirritaði fyrir hönd Háskóla Íslands Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og tæknisviðs.

Um var að ræða heildarhönnun á byggingu og lóð ásamt bílageymslu í kjallara og tengigangi við Háskólatorg undir Suðurgötu. Stærð húss var áætluð 3.100 m<sup>2</sup> og bílageymslu 1.150 m<sup>2</sup>.

Hönnunin tók til þess að byggingin færi í vottunarferli fyrir umhverfissvæna hönnun, BREEAM, og ráðgjafi sjái um að BREEAM vottun fáiast með viðeigandi árangri og vottun hönnunarstigs, meðal annars með því að uppfylla kröfur og skila viðeigandi skýrslum. Ráðgjafar hönnuðu bygginguna með BIM, upplýsingalíkani mannvirkja, og var gerð BIM handbók sérstaklega fyrir verkefnið.

Fjórar ráðgjafastofur unnu að hönnuninni sem hönnunarteymi, það er arkitekt.is ehf., Verkís hf., Trivium ráðgjöf ehf. og Hornsteinar arkitektar ehf. Arkitekt.is ehf. annaðist hönnunarstjórn og arkitektúrhönnun.

Fyrir arkitekt.is hafði með höndum hönnunarstjórn Kristján Garðarsson, verkefnastjórn arkitektahönnunar Haraldur Örn Jónsson.

Verkís hf. annaðist alla verkfræðihönnun. Stjórn verkfræðihönnunar fyrir hönd Verkís hf. hafði Flosi Sigurðsson, burðarþolshönnun annaðist Hjörtur Hansson, lagnahönnun Þorgeir Jóhannes Kjartansson, raflagnahönnun Þorvarður G. Hjaltason, loftræsihönnun Karl Rosenkjær, brunahönnun Davíð S. Snorrason, öryggishönnun Eiríkur Þorbjörnsson og lýsingarhönnun Guðjón L. Sigurðsson.

Trivium ráðgjöf ehf. annaðist hljóðhönnun, tengiliður var Ólafur Hjálmarsson. Hornsteinar arkitektar ehf. annaðist BREEAM vottun, tengiliður Andrés Narfi Andrésson.

Í tímaáætlun hönnunar var gert ráð fyrir að aðaluppdrættir, samþykktir af verkkaupa, skyldu afhentir 15. október 2012. Fullbúin útboðsgögn vegna byggingarinnar skyldu liggja fyrir 5. mars 2013, þar með talið verkeikningar, magntölur og kostnaðaráætlun byggð á magntölunum. Tilskyldum

gögnum vegna BREEAM vottunar skyldi skilað 5. maí 2013 og matskýrslu 5. júní 2013. BIM líkani, miðað við nákvæmnisstig 5 í BIM handbók verksins, skyldi skilað til Framkvæmdasýslu ríkisins eigi síðar en tveimur mánuðum eftir verklok.

Aðaluppdrættir og byggingarleyfisumsókn var samþykkt hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík 7. maí 2013 og var áætlað að framkvæmdir gætu hafist í lok þess árs. Þær áætlanir gengu ekki eftir, þar sem í ljós kom við kostnaðarmat eftir gerð aðaluppdráttu, að kostnaðurinn var yfir því sem gert var ráð fyrir í fjármögnunaráætlun. Aðaluppdrættir fóru því í rýni þar sem felldur var út bílakjallari undir húsinu og breytingar voru gerðar á útipöllum og fleira. Þessari endurskoðun lauk í mars 2014 og samþykkti byggingarfulltrúi breytingarnar í lok apríl 2014. Þá var hafist handa við verkeikningar, verklýsingar og útboðsskilmála og taldist verkið tilbúið til útboðs um miðjan desember 2014.

Heimild til útboðs fékkst hjá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir (SOF) 23. desember 2014 og var verkið auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) þann sama dag og endurauglýst á Íslandi 3. janúar 2015.

Endanleg kostnaðaráætlun var 1.831 m.kr. og þar af var áætlaðar 1.355 m.kr. til verkframkvæmdar.

## Ráðgjafar

Eftirtaldir ráðgjafar unnu við verkefnið: Andrum arkitektar ehf. (áður arkitektur.is), Verkís ehf., Trivium ráðgjöf (hljóðhönnun), Hornsteinar arkitektar (ráðgjöf vegna BREEAM), listskreyting Margrét Blöndal, Arna Óttarsdóttir og Lawrence Weiner.

Heildaráætlun hönnunar	m.kr.
Ráðgjafarteymi: arkitekt og verkfræðingar	131,0
Viðbótarsamningur vegna breytinga	36,0
Önnur ráðgjöf (tengigangur)	6,7
Vegna BREEAM	5,8

**Samtals** **179,5**

*Þar sem virðisaukaskattur fæst endurgreiddur af hönnunarpóknun eru fjárhæðir í töflunni settar fram án vsk eins og í reikningslegu uppgjöri í kafla 3.*


## 1.4 Áætlun um stofnkostnað

Heildarkostnaðaráætlun FSR, í desember 2014, var eftirfarandi.

Heildarkostnaðaráætlun	m.kr.
Ráðgjöf	210,0
Umsjón og eftirlit	92,9
Verkframkvæmd	1428,2
Gjöld og rekstur á framkv. tíma	78,1
Búnaður og listskreyting	21,8

**Samtals** **1.831,0**

*Allar fjárhæðir í töflunni eru með vsk nema ráðgjöf.*



Mynd 3. Heildarkostnaðaráætlun í milljónum króna.

## 1.5 Áætlun um rekstrarkostnað

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskóli Íslands verða með starfsemi í húsinu. Skipting húsnæðis er sem hér segir: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur er með 12,3% nettófermetra og Háskóli Íslands 87,7 % nettófermetra.


Áætlað er að rekstrarkostnaður verði 12.150 kr. á ári á nettófermetri og miðast það við reynslutölur Háskóla Íslands. Undir rekstrarkostnað fellur allur daglegur kostnaður við umsjón og þrif, rafmagn, hiti, viðhald

og endurnýjun búnaðar og opinber gjöld, svo sem fasteignagjöld. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður vegna viðhalds og endurbóta á húsnæði verði 4.000 kr. á ári á nettófermeter. Nettófermetrar byggingarinnar eru 3.170 og árlegur rekstrarkostnaður ásamt viðhaldskostnaði vegna byggingarinnar er samkvæmt áætlun 51,2 m.kr. Háskóli Íslands mun greiða 44,9 m.kr. og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur 6,3 m.kr.

### 1.6 Áætlun um fjármögnun

Áætlun fjármögnun var sem hér segir: Háskóli Íslands mun, samkvæmt bréfi frá mennta- og

menningarmálaráðuneytinu, dagsett 14. nóvember 2011, leggja 600 m.kr. til verkefnisins. Auk þess mun skólinn fjármagna kostnað við bílastæðakjallarann og undirgöng. Þegar var vilyrði fyrir 550 m.kr. frá velunnurum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur á Íslandi. Ríkissjóður mun leggja 200 m.kr. til byggingarinnar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar Íslands á ríkisstjórnarfundum 9. september 2011. Reykjavíkurborg leggur 92 m.kr. til framkvæmdarinnar og það sem út af stendur mun Háskóli Íslands gangast í ábyrgð fyrir (um 389 m.kr.) – alls er þannig fjármögnun tryggð fyrir um 1.831 m.kr. heildarkostnaði.



Mynd 4. Grunnmynd 1. hæðar verðlaunatillögu

## 2. Verklegr framkvæmd

### 2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Fjármála- og efnahagsráðuneytið heimilaði, með bréfi dagsettu 23. desember 2014, að hefja verklegan hluta framkvæmdarinnar.

Framkvæmdin SVF – Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Brynjólfsgötu 1, Reykjavík – Húsbygging var boðin út 3. janúar 2015. Verk þetta náði til byggingar á húsi fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands.

Samkvæmt útboðslýsingu myndi byggingin rísa á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu í Reykjavík. Undirgöng munu liggja undir Suðurgötu frá byggingunni að Háskólatorgi og voru þau innifalin í verkinu.

Um var að ræða jarðvinnu, uppsteypu og allan frágang að utan og innan. Meginbyggingin er 3.543 m<sup>2</sup> og tengigangur undir Suðurgötu 201 m<sup>2</sup>. Samanlagt er byggingin 3.744 m<sup>2</sup> og um 17.200 m<sup>3</sup>. Meginbygging er á fjórum hæðum en auk hennar er niðurfellt torg með setpöllum og skábrautum um 1.000 m<sup>2</sup> en skráist ekki sem botnflatarmál.

Helstu magnbólur	Magn	Eining
Almenn steypumót	11.600	m <sup>2</sup>
Plötumót	3.800	m <sup>2</sup>
Steinsteypa	28.000	m <sup>3</sup>
Gólfdukur	2.200	m <sup>2</sup>
Málun	6.100	m <sup>2</sup>

Fjögur gild tilboð bárust og voru opnuð þriðjudaginn 10. febrúar 2015. Niðurstöður útboðsins eftir yfirferð tilboða voru eftirfarandi.

Niðurstöður útboðs	Kr.	Hlutfall
Eykt ehf.	1.367.519.066	97,3%
Jáverk ehf.	1.470.776.245	104,6%
ÍAV hf.	1.488.118.062	105,9%
Ístak Ísland	1.539.160.210	109,5%
<b>Kostnaðaráætlun</b>	<b>1.405.601.135</b>	<b>100,0%</b>

Framangreindar tilboðsfjárhæðir innihalda tilboð í áætlun aukaverk, sem ekki koma þó til greiðslu nema til þeirra komi á framkvæmdatímanum. Í samningi við verktaka eru aukaverkin því undanskilin í samningsfjárhæðinni.

Þann 3. mars 2015 var tilboði verktakans Eykt ehf. að fjárhæð 1.367.519.066 kr. með vsk. tekið, sem var 96,65% af kostnaðaráætlun, en kostnaðaráætlun FSR var leiðrétt eftir opnun tilboða og hljóðaði upp á kr. 1.414.863.699. Gerður var skriflegur samningur um verkið í framhaldi af því að fjárhæð 1.367.519.066 kr.

### 2.2 Framvinda

Verkefnisstjóri Eyktar ehf. var Gunnar Örn Steingrímsson og lykilhönnuðir Kristján Garðarsson arkitekt, samræmingarhönnuður hjá Andrúm ehf. og Hjörtur Hansson verkfræðingur hjá Verkís.

Verkætlun verktaka var samþykkt 25. mars og gerði hún ráð fyrir verklokum 15. október 2016. Verktaki hóf vinnu við verkið 2. mars sem telst upphafsdagsetning verkframkvæmdar.

Boðið var til ræsfundar verkefnis þar sem boðið var öllum þeim sem framkvæmdin gæti haft áhrif á og var sérstakur kynningarfundur með forráðamönnum nærliggjandi bygginga vegna sprenginga sem framkvæma þurfti í grunni og ónæðis af þeim.





Mynd 5. Svipsterkir handlistar.

Sprengingar á klöpp hófust 14. apríl 2015 og lauk 19. maí án nokkurra vandamála. Þá hófst gerð undirstaða. Verktaki lagði fram endurskoðaða verkáætlun 28. júlí 2015 og aðra endurskoðaða 7. mars sem gerði ráð fyrir verklokum 31. desember 2016 og enn aðra um endanleg verkskil í febrúar 2017 sem gekk nokkurn veginn eftir.

Uppsteypu húshluta lauk 7. apríl 2016. Hornsteinn var lagður að húsinu 19. júní 2016. Lóðarframkvæmdir hófust 1. október 2016. Rafmagnsheimtaug var tengd aðaltöflu 31. október 2016 og Suðurgatan var opnuð aftur fyrir bílaumferð 25. október 2016 en loka þurfti henni meðan tengigangur var gerður undir götuna. Málningarvinna hófst 21. nóvember 2016 og dúklagning 14. nóvember og í kjölfarið uppsetning inniglugga og innihurða sem lauk 17. febrúar 2017. Stólar komu í fyrirlestrarsal 30. janúar 2017 og lauk uppsetningu þeirra 10. febrúar. Verklokaúttekt húss án kerfa fór fram 15. mars 2017 með lítilsháttar athugasemdum. Við verklokaúttekt voru kerfi hússins afhent til virkniprófana og verkmöppum kerfanna skilað inn. Einnig voru verkmöppur frá einstökum iðnmeisturum lagðar fram en í verkmöppunum er að finna upplýsingar um efnisval og upplýsingar um einstaka húshluta svo sem hreinlætistæki, gólfduka, parkett, loftaefni og upplýsingar um uppbyggingu og efnisval í kerfishluta hússins. Öryggisúttekt byggingafulltrúa fór fram 29. mars 2017 og tók þá notandi formlega við húsinu og byrjaði að koma sér fyrir.

Magnbreytingar urðu nokkuð hárar í verkinu eða 9,8% af samningsfjárhæð. Þetta er nokkuð hátt hlutfall og skýrist að langmestu leyti af vanreikningi á steinsteypu,

bendistáli og steypumótum og á magni malbiks á Suðurgötu.

Aukaverk eru 3,2 % sem er innan eðlilegra marka.

Viðbótarverk eru hins vegar 11,1% sem skiptist milli ráðgjafar 4% og verkframkvæmdar 7,1%. Viðbótarkostnaður við ráðgjöf kom til vegna breytinga á hönnunargögnum m.t.t. fjármögnunar áður en verkframkvæmd var boðin út og síðan ráðgjafar vegna kaupa á búnaði og aðlögun áður en húsnæðið var tekið í notkun. Viðbótarkostnaður vegna verkframkvæmdar skýrist m.a. við kostnaðarbreytingar á ljósum og raflögnum og stýringum þeim tengdum sem verkkaupi valdi að breyta á framkvæmdatímanum. Að auki komu til viðbætur vegna vinnu Veitna og lagnaaðila við gerð tengigangs milli SVF og Hámu undir Suðurgötu en færa þurfti til og lagfæra töluvert af lögnum sem voru á svæðinu.

## 2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirlit og umsjón með framkvæmdunum fyrir hönd Framkvæmdasýslunnar hafði Guðbjartur Á. Ólafsson, verkefnastjóri FSR, og honum til aðstoðar við daglegt eftirlit á verkstað var Ívar Már Markússon, verkefnisstjóri FSR. Framkvæmdasýslan var jafnframt byggingastjóri verksins og Guðbjartur Á. Ólafsson ábyrgðarmaður byggingastjóra.

Gott samstarf verkefnisstjóra FSR, verktaka, hönnuða og fulltrúa HÍ var allan framkvæmdatímann og gekk verkið í heildina vel. Yfir framkvæmdatímann var fundað reglulega á hálfsmánaðar fresti með verktaka og urðu verkfundir alls 45. Að auki voru haldnir stöðufundir milli verkfunda þegar þörf var á auk hefðbundinna rýnifunda í upphafi verkþátta. Gott samstarf var við hönnuði allan verktímann og mættu þeir á fundi og í úttektir eftir þörfum. Einnig voru haldnir reglulegir upplýsinga- og ákvörðunarfundir með fulltrúum verkkaupa.

Verklokaúttekt verkkaupa fór fram 15. mars 2017, Öryggisúttekt byggingafulltrúa fór fram 29. mars 2017 og ábyrgðarúttekt FSR 17. apríl 2018. Vottorð um lokaúttekt byggingafulltrúa var gefið út 7. ágúst 2020.

BREEAM-vottun á verkefninu er ekki lokið þegar skilamat er skrifað.

## 3. Reikningslegt uppgjör

### 3.1 Áfallinn kostnaður og innborganir

#### Yfirlit áfallins kostnaðar

Yfirlit áfallins kostnaðar			Innborganir til FSR
Ár	Á verðlagi hvers árs kr.	Miðað við BVT 1.7.1987 (100) kr.	Greiðslur H.Í. á verðlagi hvers árs kr.
2011	1.623.034	298.901	0
2012	94.420.606	16.495.564	107.542.428
2013	50.817.123	8.576.730	47.449.934
2014	54.449.891	9.046.335	43.000.000
2015	547.668.623	87.417.178	614.000.000
2016	1.075.242.935	164.813.448	935.800.000
2017	300.066.133	45.293.001	347.316.157
2018	1.830.946	263.256	30.703.774
2019	903.308	124.663	1.206.474
2020	394.607	53.153	398.439
<b>Samtals</b>	<b>2.127.417.206</b>	<b>332.382.229</b>	<b>2.127.417.206</b>
<b>Innborganir til FSR samtals</b>			<b>2.127.417.206</b>

Í töflu 3.1 er yfirlit yfir áfallinn kostnað og innborganir sundurliðað eftir árum. Áfallinn kostnaður er annars vegar eftir verðlagi hvers árs og hins vegar eftir byggingarvísitölu 100. Gerð er grein fyrir innborgununum frá ráðuneyti, eða undirstofnun þess, á verðlagi hvers árs og, þegar það á við, frá sveitarfélagi á verðlagi hvers árs.

### 3.2 Heildarkostnaður

#### Sundurliðun kostnaðar

	kr.	samtals kr.
<b>Samningsverk</b>		
<b>Ráðgjöf</b>		
Hönnun	145.911.745	
Ráðgjöf önnur en hönnun	31.522.226	
Kostnaður tengdur ráðgjöf	5.192.610	
Kostnaður samtals		182.626.581
<b>Umsjón og eftirlit</b>		
Umsjón með verkefni	40.248.451	
Eftirlit með verklegri framkvæmd	39.067.322	
Kostnaður samtals		79.315.773
<b>Verkframkvæmd</b>		
Samningsgreiðslur	1.370.732.761	
Magnbreytingar	134.725.347	
Aukaverk	43.807.172	
Verðbætur	71.030.708	
Kostnaður samtals		1.620.295.988
<b>Gjöld og rekstur á framkvæmdatíma</b>		
Opinber gjöld	71.096.978	
Rekstur á framkvæmdatíma	2.492.519	
Kostnaður samtals		73.589.497
<b>Búnaður og listskreyting</b>		
Búnaður	1.439.600	
Listskreyting	18.253.600	
Kostnaður samtals		19.693.200
<b>Samningsverk samtals</b>		<b>1.975.521.039</b>

### Viðbótarverk

Verkframkvæmd	151.896.167
Búnaður	0
<b>Viðbótarverk samtals</b>	<b>151.896.167</b>

### Heildarkostnaður

<b>Heildarkostnaður við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur</b>	<b>2.127.417.206</b>
<b>Heildarkostnaður í m.kr.</b>	<b>2.127,4</b>

Í töflu 3.2 er heildarkostnaður sundurliðaður eftir kostnaðartegundum. Kostnaður við verkframkvæmd er samanlagðar samningsgreiðslur, magnbreytingar, aukaverk og verðbætur en viðbótarverk eru tilgreind sérstaklega. Viðbótarverk skiptist í: Viðbótarbótarverk vegna ráðgjafar kr. 54.958.653,- og Viðbótarverk vegna verkframkvæmdar kr 96.937.514,- samtals kr. 151.896.167,-

### 3.3 Samanburður við áætlun

#### Samanburður á áætluðum kostnaði og raunkostnaði

	Raunkostnaður á verðlagi hvers árs m.kr.	Áætlun á verðlagi BVT 605,4 m.kr.	Raunkostnaður á verðlagi BVT 605,4 m.kr.	Hlutfallslegur mismunur %
<b>Samningsverk</b>				
Ráðgjöf	182,6	210,0	187,2	-11%
Umsjón og eftirlit	79,3	92,9	75,2	-19%
Verkframtækni	1.620,3	1428,2	1.518,0	-6%
Gjöld og rekstur á framkv.tíma	73,6	78,1	18,1	-9%
Búnaður og listskreyting	19,7	21,8	18,1	-17%
<b>Samningsverk samtals</b>	<b>1.975,5</b>	<b>1.831,0</b>	<b>1.869,6</b>	<b>2%</b>

#### Viðbótarverk

Verkframtækni	151,9		142,6	
Búnaður	0,0		0,0	
<b>Viðbótarverk samtals</b>	<b>151,9</b>		<b>142,6</b>	
<b>Heildarkostnaður í m.kr.</b>	<b>2.127,4</b>		<b>2.012,2</b>	

Í töflu 3.3 er raunkostnaður sýndur á verðlagi hvers árs og einnig á þeirri vísitölu sem áætlaður kostnaður var settur fram, þannig að samanburður sé gerður á sama verðlagi. Viðbótarverk eru tilgreind neðst í töflunni því um er að ræða kostnað sem ekki var tekinn með í áætluninni og því ekki hluti þess sem tekið er til samanburðar.

Viðbótarverk skiptist í: Viðbótarbótarverk vegna ráðgjafar kr. 55,0 m.kr. og Viðbótarverk vegna verkframtækni kr. 96,9 m.kr. samtals kr. 151,9 m.kr.

### 3.4 Einingarkostnaður og stuðlar

#### Einingarkostnaður

	Stærðir	Einingarkostnaður
Á verðlagi hvers árs	m <sup>2</sup>	kr. / m <sup>2</sup>
Stærðir og einingarkostnaður	3744,0	562.960
<b>Á verðlagi 1. júlí 1987 (bvt. 1987 = 100)</b>		
Stærðir og einingarkostnaður	3744,0	87.978
<b>Á verðlagi 1. janúar 2010 (nýbvt. = 100)</b>		
Stærðir og einingarkostnaður	3744,0	440.859
<b>Á verðlagi í apríl, 2021 (nýbvt. = 153,6)</b>		
Stærðir og einingarkostnaður	3744,0	677.159
<b>Á verðlagi í apríl, 2021 (bvt. 1987 = 769,9)</b>		
Stærðir og einingarkostnaður	3744,0	677.344

#### Stuðlar

<b>Magntölustuðull</b>	<b>1,098</b>
<b>Aukaverkastuðull</b>	<b>1,032</b>
<b>Viðbótarverkastuðull</b>	<b>1,111</b>

Í töflu 3.4 er fermetrastærð flatar sem framkvæmdin náði til og heildarkostnaður á fermetra á mis-þmunandi verðlagi. Efst á verðlagi hvers árs, það er meðaltal verðlags á þeim tíma þegar greitt var, þá verðlag á byggingarvísitölu 100, og neðst í töflunni á verðlagi í útgáfumánuði skilamatsins. Séu búnaðarkaup hluti af framkvæmdinni eru framangreindar tölur tilgreindar bæði með og án búnaðar.

## Hugtakaskýringar vegna stuðla

**Magntölustuðull** er mælikvarði á nákvæmni magntalna í útboðsgögnum og er skilgreindur sem hlutfallið á milli kostnaðar vegna magnbreytinga og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1.

$$\text{Magntölustuðull (MS)} = \frac{1 + \text{kostn. v. magnbreytinga}}{\text{Samningsfjárhæð}}$$

Stuðullinn verður 1 ef engar magnbreytingar eiga sér stað, >1 ef magn eykst við framkvæmd verksins og <1 ef magnminnkun verður.

**Aukaverkastuðull** er mælikvarði á nákvæmni eða gæði útboðsgagna en aukaverk eru skilgreind sem sá aukakostnaður sem verður til í hverju verki vegna ónákvæmni eða mistaka í útboðsgögnum. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna aukaverka og samningsfjárhæðar að viðbættum 1.

$$\text{Aukaverkastuðull (AS)} = \frac{1 + \text{kostn. v. aukaverka}}{\text{Samningsfjárhæð}}$$

Stuðullinn verður 1 ef engin aukaverk eiga sér stað, >1 ef stofnað er til aukaverka, en aldrei minni en 1.

**Viðbótarverkastuðull** er mælikvarði á gæði undirbúnings verksins en viðbótarverk eru skilgreind sem sá viðbótarkostnaður sem til verður í hverju verki vegna ákvarðana verkkaupa um breytingar (viðbætur) á verkinu á framkvæmdatíma. Þessi stuðull er skilgreindur sem hlutfallið milli kostnaðar vegna viðbótarverka og samningsfjárhæðar, að viðbættum 1.

$$\text{Viðbótarverkastuðull (VS)} = \frac{1 + \text{kostn. v. viðbótarverka}}{\text{Samningsfjárhæð}}$$

Stuðullinn verður því 1 ef engin viðbótarverk eru framkvæmd og >1 ef stofnað er til viðbótarverka við framkvæmd verksins. Þessi stuðull getur orðið <1 ef verkkaupi tekur ákvörðun um að breyta verki til kostnaðarlækkunar, til dæmis með því að gera minni kröfur til fyrirskrifaðs efnis eða útfærslu.

## 4. Samantekt / niðurstöður

### 4.1 Samanburður við hliðstæðar framkvæmdir

Við samanburð á kostnaði við mismunandi framkvæmdir á ólíkum tímum er algengt að bera saman kostnað á stærðareiningu. Sá samanburður segir til um hagkvæmni í hönnun og framkvæmd þegar bornar eru saman álíka stórar byggingar til sömu eða svipaðra nota. Almennt lækkar kostnaður á stærðareiningu eftir því sem framkvæmd er stærri og þó einkum með stækkandi rýmum í byggingum.

Teknar voru til samanburðar þrjár háskólabyggingar sem eru hliðstæðar að uppbyggingu þ.e. með fyrirlestrarsölum, skrifstofum og öðrum kennslurýmum. Tekið er fram að kostnaður við framkvæmdir Háskólans á Akureyri 2. áfangi og Kennaraháskóla Íslands Hamar eru án lóðarfrágangs.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarkostnað á m<sup>2</sup> án búnaðar miðað við byggingarvísitölu 100 í júlí 1987.

Bygging	Stærð í m <sup>2</sup>	Kostn./m <sup>2</sup>
Háskólinn Akureyri, 2. áfangi	1.975	90.737
KHÍ Hamar	3.549	74.761
Háskólinn Akureyri, 4. áfangi	2.700	85.157
Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur	3.744	87.978

### 4.2 Árangur framkvæmdarinnar

Með vísun til niðurstöðu samanburðar við önnur verk í töflunni í kafla 4.1 er kostnaður í takti við það sem búast mátti við. Eins og fram kemur í töflu 3.2 var heildarkostnaður 2.127,4 m.kr. á verðlagi hvers árs.

Í töflu 3.3. kemur fram að áætlað var að verkið kostaði samtals 1.831,0 m.kr. og raunkostnaður samningsverksins á sama verðlagi var 1.869,6 það er 2,1% hærrí. Verður það að teljast góður fjárhagslegur árangur enda var brugðist við á hönnunarstigi þegar kostnaðarmat eftir gerð aðaluppdráttá sýndi að kostnaðurinn var yfir því sem gert var ráð fyrir í

fjármögnunaráætlun. Aðaluppdrættir fóru því í rýni þar sem felldur var út bílakjallari undir húsinu og breytingar voru gerðar á útipöllum og fleira.

Í töflu 3.4. eru stuðlar sem greina hlutfallslegan kostnað og kemur þar fram að umtalsverð magnaukning varð í verkinu eða 9,8%, aukaverk voru 3,2% en viðbótarverk 11,1%. Varðandi frávik er vísað í skýringar í kafla 2.2.

Í skýrslu FSR Lykiltölur úr skilamötum FSR 1998-2016, útgefin í janúar 2019, kemur fram að frávik í nýbyggingum stærri verka >1.000 m.kr er 2,1%.

Að teknu tilliti til skýringa sem hér hafa verið raktar telst fjárhagslegur árangur framkvæmdarinnar mjög góður.

Framkvæmdin í heild sinni tókst vel. Verktakinn vann verk sitt af fagmennsku og gæði verksins eru metin eins og að var stefnt. Framkvæmdin var ágætlega skipulögð en þó drógst hún samtals um fimm mánuði frá upphaflegum skilum. Tafir þær má að mestu rekja til töluverðra magnbreytinga sem og auka- og viðbótarverka. Verkið var um margt líka flókið og vandasamt og framkvæmdin staðsett á Háskólasvæðinu með allri sinni umferð bæði akandi og gangandi vegfarenda. Samvinna allra aðila sem komu að framkvæmdinni á verkstað þ.e. fulltrúa HÍ, verktaka, verkefnisstjórnar FSR og daglegs eftirlits gekk mjög vel allan framkvæmdatímann.

Nýja byggingin er falleg bygging og sómir sér vel á Háskólasvæðinu. Byggingin er rannsóknarstofnun innan Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. Í henni er alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar og mun hún bæta aðstöðu til miðlunar þekkingar á erlendum tungumálum til almennings og barna á öllum aldri í anda þess brautryðjendastarfs sem frú Vigdís Finnbogadóttir hefur unnið hjá UNESCO.

Í heildina er árangur framkvæmdarinnar því metinn góður.



### 4.3 Heimildaskrá

Stuðst var við eftirfarandi heimildir:

#### Lög og reglugerð

Lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001.  
Reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda nr. 715/2001.

#### Reglur

Reglur um fyrirkomulag skilamats útgefnar af Framkvæmdasýslu ríkisins og staðfestar af fjármálaráðuneyti 21. september 2001.

#### Framkvæmdasýsla ríkisins

Bókhaldsgögn og verkmöppur FSR

#### Annað

Teikningar og verklýsingar hönnuða.  
Framvinduskýrslur

### 4.4 Staðfesting skilamats


Undirrituð staðfestir hér með framanritað skilamat fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri



Mynd 6. Fallegur arkitektúr setur sterkan svip á húsið.



[www.fsr.is](http://www.fsr.is)

